

Fundargerð ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðra

Dagsetning: 22. febrúar 2023

Fundartími: Kl. 15:30-17:00

Staðsetning: Keilir (en ritari á teams),

Fundarritun: Nína Jacqueline Becker

Mættir: Guðbjörg Fjóra Halldórsdóttir formaður, Egill Fjeldsted, Sindri Már Jónsson, Alexander Harðarson, Ólafur Örn Karlsson, Eyrún Birta Þrastardóttir, Dalrós Ólafsdóttir og Þórarinn Þórhallsson

Dagskrá

1. Bókun vegna akstursþjónustu fyrir fólks með fötlun

Bókun Ráðgjafaráðs í málefnum fólks með fötlun varðandi akstursþjónustu

Fjölskylduráð fól Ráðgjafaráði fólks með fötlun að yfirfara reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði sem samþykktar voru í Bæjarstjórn þann 10. júní 2020. Tilgangur yfirferðarinnar er að meta hvort ástæða sé til að endurskoða akstur um jól og áramót.

Ráðgjafaráð telur mikilvægt að endurskoða reglurnar í heild sinni varðandi þjónustutíma akstursþjónustunnar. Í 4. gr. reglnanna er skilgreint að þjónustutími akstursþjónustunnar miðist við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs. og að akstur á stórhátíðardögum, svo sem um jól og áramót, skuli vera með sama hætti og á sunnudögum.

Í markmiðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir í 1.mgr. að þjónusta skuli miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra innan samfélagsins og sé það hlutverk sveitarfélags sem stjórnvalds að skapa fólki með fötlun skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum og það sama er tekið fram í markmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í sömu grein laga nr. 38/2018 segir að við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skuli borin virðing fyrir mannlegri reisn þess, sjálfræði og sjálfstæði.

Í 8.gr. sömu laga segir að fötluðu fólki skuli standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að fólk með fötlun standi jafnfætis þeim sem ófatlaðir eru og sé til þess gerð að sporna gegn félagslegri einangrun. Bendir Ráðgjafaráðið þá sérstaklega á 1.tl. sömu greinar þar sem fram kemur mikilvægi þess að fólk með fötlun hafi tök á samfélagslegri þátttöku án takmarkana.

Telur Ráðgjafaráðið að nauðsynlegt sé að endurskoða reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks frá 2020 og taka mið af lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuþarfir og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Mikilvægt er að fólk með fötlun hafi aðgang

að akstri þegar kemur að samfélagslegri þátttöku, hvort sem það eru á stórhátíðum eða á öðrum dögum ársins.

Bendir Ráðgjafaráðið á að með því að takmarka aksturstíma við akstursþjónustu Strætó bs. er verið að brjóta á réttindum fólks með fötlun og takmarka þeirra samfélagslegu þátttöku í samfélaginu. Ráðgjafaráð leggur til að takmarkanir ferða verði endurskoðaðar og að þeir samningar sem Hafnarfjarðarbær er með við fyrirtæki verði einnig endurskoðað þar sem samningar í dag hamla för fatlaðs fólks.

2. Áætlun um uppbyggingu húsnæðis fyrir fólk með fötlun 2022 – 2030

Ráðgjafaráð fer yfir erindi Hrannar Hilmarsdóttur sem hún kynnti fyrir Fjölskylduráði (07.02.2023) vegna búsetukjarna og biðlista, <https://hafnarfiordur.is/fundargerð/fjolskyldur-482/>. Rætt er um mikilvægi þess að framkvæmdum verði flýtt og að litið verði til nágretta sveitarfélaga og þeirra leiða til að vinna á biðlistum til hagsbóta fyrir fatlað fólk búsett í bænum. Ráðgjafaráðið leggur einnig til að utan kjarna þjónustustöðum sé aukið og að þeir kjarnar geti bætt við sig fleiri heimilum. Bent er á að horfa skuli til uppbygginga í nágretta sveitarfélögum og hvernig þeir vinna niður úrræði við fatlað fólk.

3. Heilsueflingarverkefni Þroskahjálpar

Rætt er um að Ráðgjafaráð fái kynningu hjá Þroskahjálp vegna til verkefnis (<https://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/category/1/styrkur-til-ad-auka-adgengi-folks-med-throskahomlun-ad-fraedslu-um-heilbrigdan-lifsstil>) þar sem ætlað er að veita fræðslu og auka aðgengi einstaklinga með þroskahömlun eða skyldar raskanir svo þau geti aukið eigin lífsgæði og ástundað heilbrigðari lífstíl. Formaður ráðgjafaráðs mun setja sig í samband við Þroskahjálp.

Engin önnur mál voru á dagskrá. Fundið slitið kl. 16:47.